

## Fundargerð

### 145. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 19. október 2010 kl. 12<sup>00</sup>–14<sup>30</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) fjarverandi  
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) fjarverandi  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Breytingar á lögum um úrvinnslugjald og lögum um meðhöndlun úrgangs
- (3) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (144. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

### 2. Breytingar á lögum um úrvinnslugjald og lögum um meðhöndlun úrgangs

Sigurbjörg Sæmundsdóttir frá umhverfiráðuneytinu mætti á fundinn og fór yfir væntanlegar breytingar á lögum um úrvinnslugjald og þýðingu þeirra fyrir stjórn og starfsemi sjóðsins. Hlutverk stýrinedndar raftækjaúrgangs á að færast til stjórnar Úrvinnslusjóðs jafnframt því að fjölgað verður um einn stjórnarmann sem tilnefndur verður af Félagi atvinnurekenda, áður Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Stjórn ræddi hvernig stýrinednd gæti tekið á hlutfallsskiptingu á milli skilakerfa. Stjórn ræddi einnig kostnaðargreiningu við störf stýrinedndar og Úrvinnslusjóðs,

Farið var yfir breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald til að innleiða tilskipun um rafhlöður og rafgeyma í íslensk lög. Helstu atriði væntanlegs frumvarps:

Seljendur þurfa að taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum.

Framleiðendaábyrgð er uppfyllt með greiðslu úrvinnslugjalds.

Úrvinnslusjóður á að halda utanum lista yfir framleiðendur, innflytjendur og framleiðendur.

Ákvæði um úrvinnslugjald á skilagjaldsumbúðir fellt niður.

Úrvinnslusjóður ábyrgur fyrir markmiðum. Ósvarað hvort blýsýrurafgeymar teljast með.

Úrvinnslugjald er aðeins lagt á stakar rafhlöður.

Sigurbjörg yfirgaf fund kl. 14:15.

### 3. Önnur mál

Engin. Fundi slitið 14:30

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs